



Fundargerð

482. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps, aukafundur.

Fimmtudaginn 23. júní 2022, kl. 15.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt:

Árný Huld Haraldsdóttir, oddviti (ÁHH)

Jóhanna Ösp Einarisdóttir, varaoddviti (JÖE)

Hrefna Jónsdóttir, aðalmaður (HJ)

Margrét Dögg Sigurbjörnsdóttir, aðalmaður (MDS)

Vilberg Þráinsson, aðalmaður (VP)

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er 3 síður.

Oddviti bauð fólk velkomið, spurði eftir öðrum málum á dagskrá, þrjú mál bárust og var samþykkt að taka þau til afgreiðslu undir liðnum önnur mál. Oddviti kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðið. Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboðið. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins.

1. 481. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps, 16. júní 2022.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu

1. 2201001 - Ársreikningur Reykhólahrepps 2021, síðari umræða.

Ársreikningur Reykhólahrepps og stofnanna hans 2021 lagður fram til síðari umræðu ásamt ábyrgðar- og skuldbindingayfirliti árið 2021.

Sveitastjórn samþykkir ársreikning Reykhólahrepps árið 2021 og ábyrgðar- og skuldbindingayfirlit 2021 með áritun sinni. Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjórn er mjög ánægð með niðurstöðuna og þakkar lykilstarfsfólki sveitarfélagsins fyrir ábyrg fjármál og ekki síst Ingibjörgu fyrir góða yfirsýn og metnað í fjármálum sveitarfélagsins. Einnig hefur Ásta Sjöfn staðið sig með þrýði við gerð síns fyrsta ársreiknings fyrir sveitarfélagið.

2. 2206008 - Trúnaðarmál.

Ritað í trúnaðarmálabók.

Mál til kynningar

3. 2205009 – Þinggerð 67. Fjórðungsþing, kosningasumar 2022.

Þinggerð lögð fram til kynningar.

Önnur mál :

4. 2205019 – Kosið í nefndir.

Stjórn Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps.

Aðalmaður:

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir

Varamaður:

Hrefna Jónsdóttir

Stjórn Brunavarna Stranda og Reykhólahrepps.

Varamaður:

Vilberg Þráinsson

Samþykkt samhljóða.

5. Fundargerð dreifbýlisnefndar 20. júní 2022.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða. Sveitarstjóra falið að koma upplýsingum um leitardaga til vefstjóra til birtingar á vef sveitarfélagsins þar sem íbúum verður veitt tækifæri á því að senda inn athugasemdir á skrifstofu.

6. 2206009 - Umsókn um stöðuleyfi fyrir gámahús á Höllustöðum

Björn Samúelsson, landeigandi Höllustaða og starfsmaður Þörungaverksmiðjunnar á Reykhólum, sækir fyrir hönd ÞV um stöðuleyfi fyrir fimm gámahús sem sett verða saman hlið við hlið á túni suð-austan við lögbýlið Höllustaði.

Um er að ræða fjóra 20 - 24 feta gáma og einn 10 feta gám sem verða staðsettir á lóðinni í 4 - 6 mánuði. Fylgiskjöl eru loftmynd og umsókn dags. 21. júní 2021.

Stöðuleyfi samþykkt til 12 mánaða. Stöðuleyfi er ekki hugsað sem varanlegt úrræði og óskar sveitarstjórn og byggingarfulltrúi eftir því að umsóknaraðili leiti sér varanlegra lausna. Umsækjandi getur ekki búist við framlengingu stöðuleyfis. Samþykkt samhljóða.

7. Ályktun sveitarstjórnar um ferjusiglingar á Breiðafirði.

Reykholahreppur lýsir yfir þungum áhyggjum varðandi ferjusiglingar Baldurs á Breiðafirði. Baldur er eina tenging íbúa Flateyjar við meginlandið og mjög mikilvægur hvað varðar margvíslega þjónustu við Flatey. Tryggja þarf öryggi farþega með nýrri ferju, án þess að það komi niður á þjónustu við íbúa í Flatey. Samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl.18.07

Fundargerð undirrituð rafrænt.